

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

# STARFSLEYFI

**Glaður ehf**

420502-5320

Til að starfrækja Land- og kvíaeldi

Heimilisfang:  
Traðarstíg 1  
415 Bolungarvík

Nafn rekstraraðila: Ketill Elíasson

Kennitala rekstraraðila:

**Útgáfudagur: 12.12. 2008**

**Gildir til: 12.12. 2020**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnur að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 30.12.2008

Glaður ehf  
Ketill Elíasson  
Traðarstíg 1  
415 Bolungarvík

## Starfsleyfi fyrir Land- og kvíaeldi

Á fundi sínum þann 12. desember 2008 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Glað ehf. Staðsetning í Skutulsfirði. Starfsleyfið gildir til 12.12.2020. Fyrirtækið flokkast sem Land- og kvíaeldi (ÍSAT no. 050220). Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis frá 19. september 2008. nr. 1063 er árlegt eftirlitsgjald 19.000 krónur miðað við eftirlitsheimsókn annað hvert ár.

Starfsleyfisgjald er kr 7.600. Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og lögum um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.

Samkvæmt 32. grein laga nr 7/1998 má kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Virðingarfyllst

---

Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi